



Sveitarfélagið  
Hornafjörður

## **Breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030**

### Jökulsárlón á Breiðamerkursandi

- Afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs
- Stækkun afpreyingar- og ferðamannasvæðis (AF16)

### **Greinargerð og umhverfisskýrsla**

1. ágúst 2019

**GLÁMA·KÍM**

VSÓ RÁÐGJÖF

---

**19151**

| Nr. útg. | Dagsetning | Unnið  | Yfirfarið | Samþykkt |
|----------|------------|--------|-----------|----------|
| 1        | 1.8.2019   | SK/HTT |           |          |

**Efnisyfirlit**

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>Forsendur breytingar</b>  | <b>2</b>  |
| <b>2</b> | <b>Breytingartillaga</b>   | <b>2</b>  |
| 2.1      | Afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs  | 2         |
| 2.2      | Þróun ferðamannafjölda og greiningar á þjónustupörf.   | 2         |
| 2.3      | Breyting á AF16, afþreyingar- og ferðamannasvæði við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi austan Jökulsár | 3         |
| 2.4      | Breyting á legu Hringveggar 1 og brúarstæði:   | 4         |
| 2.5      | Fyrirkomulag veitukerfa  | 4         |
| <b>3</b> | <b>Samræmi við aðrar áætlanir</b>  | <b>5</b>  |
| 3.1      | Samræmi milli aðalskipulagsbreytingar og Landskipulagsstefnu 2015-2026                               | 5         |
| 3.2      | Samræmi milli aðalskipulagsbreytingar og gildandi stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs  | 5         |
| <b>4</b> | <b>Umhverfismat aðalskipulagsbreytingar</b>  | <b>6</b>  |
| 4.1      | Helstu áhrifa- og umhverfisþættir og viðmið  | 6         |
| <b>5</b> | <b>Niðurstöður umhverfismats</b>   | <b>8</b>  |
| <b>6</b> | <b>Heimildir</b>   | <b>10</b> |

## 1 Forsendur breytingar

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til Breiðamerkursands á svæðinu milli Fellsár í austri og Fjallsár í vestri.

Árið 2017 var gerð breyting á þjóðgarðsmörkum Vatnajökulsþjóðgarðs, sem taka þarf upp í Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2030. Fjölgun ferðamanna síðustu ár að Jökulsárlóni og stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs kallar á endurskoðun á umfangi og stefnu um afþreyingar- og ferðamannasvæðinu við Jökulsárlón (AF16).

Forsendur gildandi stefnu aðalskipulags um færslu þjóðvegarsins og brúarstæði á Jökulsá til norðusts fjærri ströndinni hafa einnig breyst. Dregið hefur úr strandrofi síðustu ár og Vatnajökulsþjóðgarður hefur mótað stefnu um að varðveita jökulaurana framan við Jökulsárlón eftir mætti. Því eru talið nauðsynlegt að veglínan færast fjær lóninu en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi.

Breytingartillagan felur í sér að mörk Vatnajökulsþjóðgarðs eru leiðrétt, afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF 16] er stækkað og legu hringveggar við Jökulsá á Breiðamerkursandi er breytt.

Landnotkun á vestan Jökulsár og sunnan Hringveggar er skilgreind strandsvæði í aðalskipulagi. Á strandsvæðum er samkvæmt gildandi aðalskipulagi heimilt að gera bílastæði og leggja göngustíga og aðstöðu fyrir útivistarfólk, svo sem snyrtingar, upplýsingaskilti og áningarstaði. Ekki er heimilt að byggja gististaði á strandsvæðum.

## 2 Breytingartillaga

### 2.1 Afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs

Árið 2017 var gerð breyting á þjóðgarðsmörkum á þann hátt að jörðin Fell og aðliggjandi þjóðlendur voru felld inn í Vatnajökulsþjóðgarð, í vestur að Fjallsá og í austur að Fellsá. Nemur þessi stækkun þjóðgarðsins um 189 ferkílómetrum. Svæðið var áður á náttúru-minjaskrá (nr. 635). Til samræmis þessu er nú mörkum þjóðgarðsins breytt í aðalskipulagi og þau færð vestur að Fjallsá og í austur að Fellsá. Áður fylgdu þjóðgarðsmörkin jaðri Vatnajökuls.

### 2.2 Þróun ferðamannafjölda og greiningar á þjónustupörf.

Eftir að Jökulsárlón og umhverfi þess var felld inn í Vatnajökulsþjóðgarð hefur verið unnið að rannsóknum á umhverfispáttum og fylgst með fjölda og atferli ferðamanna.

Aurarnir framan við Jökulsárlón hafa verið kortlagðir og þróunarsaga árfarvega Jökulsár frá myndun lónsins verið greindir. Niðurstaða þeirrar vinnu er að svæðið, sem er enn óraskað milli Jökulsár og bakka Jökulsárlóns og afgerandi hjalla austan við, geymi merkilega sögu sem mikilvægt sé að varðveita eftir mætti. Sú stefna er því mótuð að ekki skuli raska stærri hluta þessa svæðis en þegar hefur verið gert, og flytja skuli meginþunga bílastæða og uppbyggingar vegna ferðamanna austur fyrir og upp á hjallann.

Bílar hafa verið taldir á bílastæðum við Jökulsárlón með kerfisbundnum hætti og fjöldi ferðamanna metinn. Síðustu ár hefur gestafjöldi aukist jafnt og þétt í samræmi við fjölgun ferðamanna á landsvísu. Árið 2014 heimsóttu lónið rúmlega 340 þúsund gestir og árið 2018 var gestafjöldi komin í um 850 þúsund manns. Ekki er gert ráð fyrir aðgangstakmörkunum að svæðinu þannig að bílastæðafjöldi þarf að svara til væntanlegs fjölda gesta. Áætlað er að gestafjöldi geti innan nokkurra ára verið um 1,5 milljónir manna á ári.

Mikill fjöldi ferðamanna og landrymispörf fyrir uppbyggingu leiða rök að þeirri niðurstöðu að færa meginuppbyggingarsvæðið fjær Jökulsá og Jökulsárlóni, þar sem rýmra er um og þannig gefast betri færi á að taka á móti og dreifa fólksfjöldanum um svæðið.

### 2.3 Breyting á AF16, afþreyingar- og ferðamannasvæði við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi austan Jökulsár

Gerð er breyting á afþreyingar- og ferðamannasvæði AF16. Svæðisafmörkun er víkkuð alla kanta frá bakka Jökulsárlóns og svæðið stækkað úr 25 í 45 ha.

Í kafla 22.6 í greinargerð Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 er gerð grein fyrir svæðinu og því lýst með svohljóðandi umfjöllun í töflu:

| AF-nr | Svæði   | Lýsing  |
|-------|---|---|
| AF 16 | Jökulsárlón á Breiðamerkursandi austan Jökulsár. Svæðisafmörkun ~ 25ha. | Austan ár, norðan vegar skal heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttáðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem upplýsinga- og þjónustumiðstöð, göngustíga og áningarstaði. Óheimilt að reka gistipjónustu. |

Eftir breytingu er umfjöllun um AF 16 í töflunni eftirfarandi:

| Af-nr | Svæði   | Lýsing  |
|-------|---|---|
| AF 16 | Jökulsárlón á Breiðamerkursandi austan Jökulsár. Svæðisafmörkun ~ 45ha. | Austan ár, norðan vegar skal heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttáðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem upplýsinga- og þjónustumiðstöð, göngustíga og áningarstaði. Óheimilt að reka gistipjónustu. |

Í kafla 22.7 í greinargerð aðalskipulagsins eru settir fram eftirfarandi skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF):

- ▶ Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal heimil mannvirkjagerð vegna starfseminnar sem þar er skilgreind, t.d. bílastæði, göngustígar, hús fyrir snyrtingar og aðra aðstöðu.
- ▶ Við uppbyggingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- ▶ Vandað skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.
- ▶ Gera skal grein fyrir útfærslum í deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að í kafla 22.7 bætast eftirfarandi skilmálar:

- ▶ Á afþreyingar- og ferðamannasvæði AF16 skal uppbygging og mannvirkjagerð taka sérstakt tillit til einstakrar ásýndar Jökulsárlóns og falla vel að sérkennum svæðisins, sbr. einnig stefnu aðalskipulags um ferðaþjónustu (kafla 7.1).
- ▶ Meginhluti uppbyggingar, þ.e. þjónustumiðstöð, gestastofa og bílastæði skal staðsett ofan við hjalla á austanverðu svæðinu (AF16). Í grennd við Jökulsárlón er heimilt að byggja umfangsminni aðstöðuhús á einni hæð s.s. fyrir landverði, upplýsingar og salernisaðstöðu og í tengslum við bátasiglingar.

## 2.4 Breyting á legu Hringveggar 1 og brúarstæði:

Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að flytja þyrfti brúarstæði á Jökulsá og veglínu hringveggar næst henni eins fjarri ströndinni og kostur væri vegna mikils strandrofs.

Hægt hefur á strandrofi síðustu ár og mjög örur breytingar eiga sér stað á Breiðamerkursandi, jökullinn hopar og landið rís. Mikið landrís er á sandinum vegna bráðnunar Vatnajökuls og nam hækkunin um 25mm árið 2005.<sup>1</sup> Þá kemur fram í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018 – að vænta megi þess að landrís umfram hækkun sjávarborðs muni nema 72-190cm á suðausturlandi.<sup>2</sup> Því má ætla að strandrof verði mun minna en gert var ráð fyrir í gildandi skipulagi og ekki sé þörf á að flytja veginn eins mikið og ætlað var.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur mótað stefnu um að varðveita jökulaurana framan við Jökulsárlón eftir mætti og gera þá hluta af upplifun þeirra sem að lóninu koma. Því eru það eindregnir hagsmunir þjóðgarðsins að veglínan færast fjarri lóninu.

Gerð er breyting á legu Hringveggarins og brúarstæði yfir Jökulsá.

- Ný veglína er teiknuð á milli línu í gildandi skipulagi og núverandi vegstæðis næst Jökulsá.

## 2.5 Fyrirkomulag veitukerfa

Samhliða þessari tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 er unnið að endurskoðun deiliskipulags við Jökulsárlón, sem tekur til afþreyingar- og ferðamannasvæðisins við Jökulsárlón (AF16) og einnig aðliggjandi strandsvæðis beggja megin við Jökulsá, þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum, salernum og veitumannvirkjum.

Í fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu eru settir eftirfarandi skilmálar um fyrirkomulag veitukerfa:

### Neysluvatn:

Virkja þarf nýjar neysluvatnsholur í aurnum vegna aukinnar notkunar. Brunnsvæði verða afmörkuð umhverfis holurnar og auðkennd með merkingum á staðnum. Heimilt er að koma fyrir nauðsynlegum lokubúnaði og dælum á holurnar. Vatnslagnir frá borholum að húsum og milli húsa þar sem vatnið er notað skal plægja eða grafa í jörð og afmá ummerki.

### Rafmagn:

Mannvirki á deiliskipulagssvæðinu geta tengst dreifikerfi Rarik á dreifistreng um Breiðamerkursandi. Jarðstrengurinn er plægður í jörð meðfram Hringvegi 1 og fer yfir Jökulsá undir brúnni. Spennistöð, sem er jarðstöð á steiptum sökkli austan árinna, þjónar þjónustuaðstöðu þar. Flytja þarf spennistöð og bæta annarri við vegna uppbyggingarinnar austan ár. Einnig þarf að koma fyrir spennistöðum vegna þjónustubygginga vestan Jökulsár.

Landsnet á 130KV loftlínu sem strengd er milli mastra sjávarmegin við Hringveg 1 og Jökulsárbrú. Þá línu þarf að flytja vegna strandrofs, ný lega er sýnd á uppdrætti.

### Fjarskipti:

<sup>1</sup> Landrís við Vatnajökul Áfangaskýrsla til Vegagerðarinnar, janúar 2005, (1) Norræna eldfjallasetrinu, Jarðvísindastofnun Háskólans (2) Veðurstofu Íslands (3) Jarðvísindastofnun Háskólans. [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Landris\\_vatnajokul\\_2005/\\$file/Landris%20vi%C3%B0%20Vatnaj%3%B6kul.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Landris_vatnajokul_2005/$file/Landris%20vi%C3%B0%20Vatnaj%3%B6kul.pdf)

<sup>2</sup> Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi, 2018. <https://www.vedur.is/media/loftslag/Skyrsla-loftslagsbreytingar-2018-Vefur-NY.pdf>

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stofnlögnum. Gert er ráð fyrir að mannvirki á deiliskipulagssvæðinu verði tengd stofnlögnum, allar línur skal plægja í jörð.

Mannvirki á deiliskipulagssvæðinu geta tengst stofnveitu Mílu og Rarik sem eiga ljósleiðara og koparstreng sem fara yfir Jökulsá undir núverandi brú.

**Fráveita:**

Ofanvatn verður meðhöndlað á náttúrulegan hátt og stuðst við blágrænar ofanvatnslausnir. Á öllu svæðinu er frárennsli regnvatns er opið í afmörkuðum rásum og leitt í ár og læki.

Öll hús austan Jökulsár á deiliskipulagssvæðinu verða tengd hreinsivirki þeim megin. Þjónustubyggingar vestan Jökulsár verða tengd safnþró eða rotþró og siturbeði. Við aðstöðu til bátasiglinga við lónbakkann og við þjónustuhús á hjallanum þar sem heimiluð er geymsla og meðferð eldsneytis verður plan tengt olíuskiljum og afrennsli leitt í safnþró.

### 3 Samræmi við aðrar áætlanir

#### 3.1 Samræmi milli aðalskipulagsbreytingar og Landskipulagsstefnu 2015-2026

Í Landskipulagsstefnu 2015-2026 eru sett fram eftirfarandi markmið:

- Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.
- Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu.
- Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

Ofangreindum markmiðum Landskipulagsstefnu er fylgt eftir í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2030 með stefnu um að skipulag mannvirkjagerðar vegna ferðapjónustu tryggji verndun náttúru- og menningarminja sem er undirstaða ferðapjónustu, sbr. kafla 7.1.

Með breytingunni er mörkuð stefna um að flytja meginþunga uppbyggingar vegna ferðamanna og bílastæða á austanvert svæðið AF16 til að fyrirbyggja enn frekara rask við bakka Jökulsárlóns og dreifa álagi vegna ferðamanna betur um svæðið, sbr. kafla 2.3.

Breyting á legu Hringvegur 1 og brúarstæði er gerð að teknu tilliti til hættu af völdum náttúruvá, þ.e. sjávarflóða og strandrofs og byggir á fyrirliggjandi skýrslum um strandrof og áhrif loftslagsbreytinga, sbr. kafla 2.4.

#### 3.2 Samræmi milli aðalskipulagsbreytingar og gildandi stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs<sup>3</sup> eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið í starfi þjóðgarðsins:

**Að vernda, viðhalda og þróa**

<sup>3</sup> Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. 12. júlí 2013. 2. útg. Vatnajökulspjóðgarður. [https://www.vatnajokulstjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og\\_verndar\\_2013.pdf](https://www.vatnajokulstjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og_verndar_2013.pdf)

Þar eru sett fram ákveðin undirmarkmið, sem felast m.a. í að varðveita samfelldar landslagsheildir og jarðminjar, að tryggja verndun samfelldra, heildstæðra og fágætra jarðmyndana og stýra umferð um þær, að tryggja að mannvirki falli vel að landslagi, jarðmyndunum og gróðurfari, að byggja upp trausta innviði með markvissum hætti, að vinna markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif í rekstrinum og að setja skýrar reglur um leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins.

#### Að upplifa

Þar eru sett fram ákveðin undirmarkmið, sem felast m.a. í að þjónusta og aðstaða stuðli að ánægjulegri upplifun gesta, að samgöngukerfi þjóðgarðsins sé í góðu samræmi og stýri för gesta, að fötluðum sé tryggt aðgengi að ákveðnum svæðum, að tryggja markvissa miðlun upplýsinga og vandaða fræðslu og náttúrutúlkun.

#### Að skapa

Þar eru sett fram ákveðin undirmarkmið, sem felast m.a. í að stuðla að sjálfbærri nýtingu land- og náttúrugæða, að setja skýr viðmið um gæði og samstarf við þjónustuaðila og rekstraraðila, að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu innan þjóðgarðsins og í jaðarbyggðum hans og að stuðla að fræðandi ferðamennsku, með áherslu á náttúruskoðun.

Breytingartillagan samræmist vel og styður við meginmarkmið stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

Í breytingartillögunni er afþreyingar- og ferðamannasvæðið AF16 stækkað til að bregðast við fjölgun ferðamanna og gera mögulegt að byggja upp þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn fjær Jökulsárlóni. Tillagan miðar að verndun landslags, jarðminja og sérstöðu svæðisins við bakka Jökulsárlóns með því að beina umfangsmestu uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja á austanvert afþreyingar- og ferðamannasvæðið AF16.

## 4 Umhverfismat aðalskipulagsbreytingar

Í tillögu að breytingu Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2030 er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

1. Þjóðgarðsmörkum Vatnajökulspjóðgarðs er breytt á uppdrætti
2. Afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis (AF16) við Jökulsárlón er breytt og svæðið stækkað.
3. Breyting á legu hringveggar og brúarstæði.

Breytingartillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana (105/2006) þar sem hún markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000), sbr. 1. viðauka:

- 10.09 Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. (B)
- 12.05 Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis. (B)

### 4.1 Helstu áhrifa- og umhverfisþættir og viðmið

Áhrifaþættir breytingartillögu eru annars vegar uppbygging ferðaþjónustu með tilheyrandi byggingum, bílastæðum og öðrum innviðum og hins vegar breytt lega þjóðveggarins og brúarstæðis. Með frekari uppbyggingu ferðaþjónustu er líklegt að fylgi aukinn straumur ferðamanna í sveitarfélaginu. Staðarval uppbyggingar og dreifing ferðamannastraums



kemur til með að hafa áhrif á ýmsa umhverfisþætti. Tilfærsla þjóðveggar hefur áhrif á landslag, lífríki og landnotkun, hljóðvist og fleiri umhverfisþætti.

Umhverfisþættir til skoðunar og helstu matsspurningar eru í meðfylgjandi töflu:

| Umhverfisþáttur | Matsspurningar   |
|-----------------|--|
| Lífríki/náttúra | Hafa breytingar áhrif á verndarsvæði, viðkvæm svæði, bú- og fæðuöflunarsvæði fugla eða varpland fugla? |
| Sjór og vötn    | Hafa breytingar áhrif á vatnsverndarsvæði eða strandlengjuna?  |
| Landslag/ásýnd  | Hafa breytingar áhrif á náttúrulegt landslag, óbyggð svæði?  |
| Hljóðvist       | Hefur breyting áhrif á hljóðvist á svæðinu?  |
| Samfélag        | Hafa breytingar áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?   |
| Landnotkun      | Hefur breytingin áhrif á skilgreinda landnotkun?   |
| Náttúruvá       | Hefur breyting áhrif á hættu sem stafar af náttúruvá, s.s. sjávarflóðum?                               |

Tafla 1 Umhverfisþættir og matsspurningar

Við matið var einkum stuðst við markmið og stefnu í fyrirbyggjandi áætlunum, sbr. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018-2030, Landskipulagsstefnu 2015-2026 og Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Önnur viðmið til grundvallarmati eru lög um náttúruvernd s.s. 61. gr. og náttúruminjasrá (svæði nr. 635), og önnur fyrirbyggjandi gögn m.a:

- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp, og Samantekt Umhverfisstofnunar um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014 (2017).
- Skýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku.
- Sveitarfélagið Hornafjörður. Ferðamál. Efla 10.04.2018.
- Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Veðurstofa Íslands (2018).

### Vægismat umhverfisáhrifa

Vægi á áhrifum eru sett fram á eftirfarandi hátt:

| Mjög neikvæð (--)                                 | Neikvæð (-)  | Engin/óveruleg (0)                                     | Jákvæð (+)  | Mjög jákvæð (++)                                  |
|---|--|--|---|---|
| Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum. | Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta. | Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum. | Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta. | Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið. |

**Valkostir til samanburðar.** Í umhverfismati lagt mat á umhverfisáhrif tillögu að breytingu aðalskipulagsins og til samanburðar áhrif framfylgdar gildandi aðalskipulags.

Í umhverfisskýrslu verður farið yfir rökstuðning fyrir vægismati hvers umhverfisþáttar og lagðar til mótvægisaðgerðir og vöktun eftir því sem við á.

## 5 Niðurstöður umhverfismats

### Lífriki/náttúra

Áhrif stækkun affreyningar- og ferðamannasvæðisins á lífríki ráðast fyrst og fremst af útfærslu og staðsetningu mannvirkja. Áhersla er lögð á að forðast rask á landi við mannvirkjagerð á svæðinu. Í fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir að helstu byggingar og framkvæmdasvæði séu utan við þekkt varplönd fugla. Tilfærsla á þjóðveginum mun hafa neikvæð áhrif á lífríki þar sem vegurinn fer yfir áður óraskað land á náttúruminjaskrá þar sem eru varpsvæði fugla og gróður. Gildandi aðalskipulag hefur sambærileg áhrif á lífríki og náttúru.

| Valkostur                          | Áhrif       |
|------------------------------------|-------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Neikvæð (-) |
| Gilandi aðalskipulag               | Neikvæð (-) |

### Sjór og vötn

Bæði gildandi aðalskipulag og tillaga að breytingu gera ráð fyrir tilfærslu þjóðveggar og þverun Jökulsár á nýjum stað. Árbakki Jökulsár er þegar raskaður eða manngerður vegna rofvarna og því ekki um náttúrulegan árbakka að ræða. Áhrif vegarins á umhverfispáttinn sjór og vötn eru því metin óveruleg bæði í gildandi aðalskipulagi og breytingartillögu.

| Valkostur                          | Áhrif              |
|------------------------------------|--------------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Engin/óveruleg (0) |
| Gilandi aðalskipulag               | Engin/óveruleg (0) |

### Landslag/ásýnd

Báðir valkostir, gildandi aðalskipulag og breytingagrtillagan, gera ráð fyrir uppbyggingu ferðapjónustu. Mannvirki geta haft neikvæð áhrif á landslag og ásýnd en hægt er að draga úr þeim áhrifum með fyrirkomulagi bygginga, aðlögun að landslagi og mótvægisáðgerðum í hönnun. Í breytingartillögu er lagt til að umfangsmesta uppbyggingin, þjónustumiðstöðin, færist fjær bökkum Jökulsárlóns sem mun draga úr neikvæðum áhrifum uppbyggingar á landslag og ásýnd svæðisins. Breytt lega þjóðveggarins frá veglínu gildandi aðalskipulags er til þess fallinn að draga úr neikvæðum áhrifum vegaf framkvæmdar á jökulmótað landslag, jökulaura og jökulöldur á bökkum lónsins.

| Valkostur                          | Áhrif       |
|------------------------------------|-------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Jákvæð (+)  |
| Gilandi aðalskipulag               | Neikvæð (-) |

### Hljóðvist

Bílaumferð er helsta uppspretta hávaða á svæðinu og berst hávaðinn bæði frá þjóðveginum og hins vegar umferð og ferðapjónustustarfseminni við Jökulsárlón. Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að þjóðvegurinn þveri á ný á eyrinni og hefur því líklega neikvæð áhrif á hljóðvist við lónið og undir jökulöldunni. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að þjóðvegurinn liggi nokkuð sunnar sem líklega dregur úr umferðarhávaða samanborið

við gildandi aðalskipulag. Áhrif aðalskipulagsbreytingar á fjölda gesta og umferðarmagn um þjóðveginn eru líklega óveruleg.

| Valkostur                          | Áhrif       |
|------------------------------------|-------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Jákvæð (+)  |
| Gilandi aðalskipulag               | Neikvæð (-) |

### Samfélag

Breytingartillagan felur ekki í sér breytta stefnu hvað varðar umfang uppbyggingar ferðapjónustu. Gildandi aðalskipulag og breytingartillagan gera ráð fyrir frekari uppbyggingu ferðapjónustu, sem stuðlar að fjölgun atvinnutækifæra með jákvæðum áhrifum á efnahag. Báðir valkostir eru líklegir til að hafa jákvæð áhrif á samfélag.

| Valkostur                          | Áhrif      |
|------------------------------------|------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Jákvæð (+) |
| Gildandi aðalskipulag              | Jákvæð (+) |

### Landnotkun

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun afþreyingar- og ferðapjónustusvæðisins (AF16) sem mun gefa aukið rými til að taka á móti og dreifa fólksfjöldanum um svæðið og færa meginuppbyggingarsvæðið fjær Jökulsá og Jökulsárlóni. Tilfærsla veglínu þjóðvegjarins hefur jákvæð áhrif á þróunarmöguleika ferðapjónustusvæðisins. Óbreytt veglega samkvæmt gildandi aðalskipulagi er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á þróunarmöguleika afþreyingar- og ferðamannasvæðisins.

| Valkostur                          | Áhrif       |
|------------------------------------|-------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Jákvæð (+)  |
| Gilandi aðalskipulag               | Neikvæð (-) |

### Náttúruvá

Dregið hefur úr strandrofi á svæðinu undanfarin ár og talið að land muni rísa umfram hækkun sjávarborðs. Hvorki gildandi aðalskipulag né breytingartillagan eru ekki talin fela í sér aukna hættu af völdum ágangs sjávar.

| Valkostur                          | Áhrif              |
|------------------------------------|--------------------|
| Tillaga að breytingu aðalskipulags | Engin/óveruleg (0) |
| Gilandi aðalskipulag               | Engin/óveruleg (0) |

**6 Heimildir**

- Ferðamálastofa, febrúar 2018. Ferðalög Íslendinga 2017. Reykjavík [https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/april/innanlandskonnun/1802\\_fms\\_final\\_v2.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/april/innanlandskonnun/1802_fms_final_v2.pdf)
- Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, mars 2018. Fjöldi gesta í Vatnajökulspjóðgarði frá upphafi talninga út árið 2017. Vatnajökulspjóðgarður. Garðabær. <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Utgefing-efni/VJP-sameiginlegt/vjp-fjoldi-gesta-april2018.pdf>
- Landris við Vatnajökul Áfangaskýrsla til Vegagerðarinnar, janúar 2005, (1) Norræna eldfjallasetrinu, Jarðvísindastofnun Háskólans (2) Veðurstofu Íslands (3) Jarðvísindastofnun Háskólans. [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Landris\\_vatnajokul\\_2005/\\$file/Landris%20vi%C3%B0%20Vatnaj%C3%B6kul.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Landris_vatnajokul_2005/$file/Landris%20vi%C3%B0%20Vatnaj%C3%B6kul.pdf)
- Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi, 2018. <https://www.vedur.is/media/loftslag/Skyrsla-loftslagsbreytingar-2018-Vefur-NY.pdf>
- Rögnvaldur Guðmundsson, 2018. Erlendir vetrarferðamenn í Skaftafelli 2017-2018, atferli og viðhorf til þjónustu. Samantekt unnin fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar. Hafnarfjörður. <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Utgefing-efni/Sudursvaedi/erl-ferdamenn-i-skaftafelli-vefur-2017-2018.pdf>
- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. 12. júlí 2013. 2. útg. Vatnajökulspjóðgarður. Garðabær. [https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og-verndar\\_2013.pdf](https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og-verndar_2013.pdf)